

# SVADILFARI HESTAFERÐIR ÍSAFJARÐARDJÚP - STRANDIR - DRANGAJÖKULL

Þeir sem standa að Svadilfara eru bændurnir að Laugalandi við Ísafjarðardjúp. Þar er búið með sauðfé og hesta. Hestarnir hafa aðallega verið notaðir við smalamennsku á haustin og við eftirlit á fénu. Það land sem ærnar ganga á er erfitt yfirferðar svo að við val á hestum hefur verið leitað eftir hestum sem eru fótvissir og yfirvegaðir. Þessir eiginleikar koma sér vel í ferðum Svadilfara. Það má með réttu segja að þeir sem fari í þessar ferðir kynnist íslenska hestinum í landslaginu sem mótaði þessa eiginleika hans.

#### Styttri og lengri ferðir

Boðið er uppá tvær mismunandi ferðir á svæðinu. Styttri ferðirnar eru sex dagar og er farinn hringurinn um Snæfjallaströnd og gist í húsum í allri ferðinni. Í lengri ferðunum er farinn hringur í kringum Drangajökul. Ferðin tekur 9 daga, enginn bíll er með í ferðinni og allan farangur þarf að taka með á hestunum. Hver þátttakandi þarf að hafa sinn persónulega farangur í hnakkstöskum sem honum eru látnar í té. Lögð er áhersla á að vera með litla hópa, sjö til níu manns ásamt tveimur leiðsögumönnum. Gist er í rúmgóðu tólf manna tjaldi sem er eins



og Samarnir nota (Lavu). Einnig er gist í íbúðarhúsnæði. Leiðin er mjög fjölbreytt, farið með ströndinni, þvert yfir firði á fjöru, fylgt götum yfir heiðar og eyðibygðir. Að lokum er farið yfir Drangajökul.

Þú upplifir miklar viðáttur í þessum ferðum þar sem enginn er búsettur og þú skynjar smæð þína gagnvart náttúrunni. Fugla-

dýralíf er fjölbreytt, bæði mófuglar og sjófuglar. Haförn sést á þessum slóðum, selir liggja í makindum á klettum við ströndina og refir eru ekki sjaldgæf sjón. Gróður er einnig mikill og fjölbreyttur.



#### Svadilfari

c/o Þórður Halldórsson  
Laugalandi  
512 - Ísafjarðardjúp  
sími/fax: 456 4858 og 869 4859  
E-póstur [duna@centrum.is](mailto:duna@centrum.is)  
[www.strandir.is/svadilfari](http://www.strandir.is/svadilfari)

#### Áætlun 2010

Hringurinn um Snæfjallaströnd  
22. júní - 27. júní  
27. júní - 2. júlí

Kringum Drangajökul  
5. júlí - 13. júlí  
16. júlí - 24. júlí

